

BLINDRAFÉLAGIÐ  
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi  
STOFNAD 1939



Alþingi

Erindi nr. Þ 139/1382  
komudagur 18.2.2011

Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 17.02.2011.

**Efni: Umsögn Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra um frumvarp til laga um fjöleignarhús (leiðsöguhundar o.fl.), 377. mál.**

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi mælir eindregið með samþykkt frumvarpsins og telur í því felist mikilvæg réttarbót fyrir notendur leiðsöguhunda fyrir blinda og sjónskerta.

Í dag er málum svo háttað að a.m.k. tveir blindir leiðsöguhundanotendur hafa staðið frammi fyrir þeirri ógn að einn íbúi í því fjölbýlishúsi sem þeir búa í geti gert kröfum um að þeir velji á milli heimilis síns og leiðsöguhundarins. Slíkt getur ekki verið ásættanlegt í siðvæddu nútímasamfélagi.

Virðingarfyllt,

Kristinn Halldór Einarsson

formaður Blindrafélagsins, samtaka  
blindra og sjónskertra á Íslandi